



20/04/2026

Matslisti - Fagbréf

Uppsetning á sviði og sviðsbúnaði

Tilgangur listans er að meta þekkingu og færni út frá viðmiðum í starfinu.

Listinn er sjálfsmatslisti og notaður til stuðnings í matssamtali.

Nafn	
Kennitala	
Starf	

Kjarni starfs

Tilgangur starfsins er að annast uppsetningu á sviði, sviðsmyndum og búnaði í leikhúsum, á tónleikum og öðrum viðburðum á sviði þannig að verkið sé unnið af fagmennsku, öryggi, nákvæmni og að öryggisreglum sé ávallt fylgt. Starfið felst í uppsetningu og frágangi sviðs, sviðsmynda og öðrum búnaði ásamt tilfærslu sviðsmynda, milli atriða, á viðburðum og æfingum. Tryggja skal að umgjörð og ásýnd sviðsins sé eins og til er ætlast og að allur búnaður sé á réttum stað á réttum tíma.

Unnið er með listrænni stjórn, flytjendum og öðrum deildum bæði sjálfstætt og í teymi. Starfið krefst samstarfsfærni, nákvæmra vinnubragða og lausnamiðaðrar nálgunar. Lykilatriði er að hafa skilning á framkvæmd viðburðar sem heild, geta brugðist hratt og faglega við breytingum og óvæntum upþákomum. Notuð eru verkfæri og stundum minni vinnuvélar í starfinu.

Vinnuaðstæður geta verið krefjandi og krafist líkamslegs þols. Vinna getur farið fram í myrkri, hávaða, mikilli hæð eða lágri lofthæð, undir tímapressu, á óreglulegum vinnutíma og/eða með þungan búnað.

Viðfangsefni starfsins

Undirbúningur fyrir viðburði, sýningar og æfingar	Öryggi og viðhald	Uppsetning og keyrsla á viðburðum/sýningum	Reglubundin verkefni og frágangur í viðburðahúsi
<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingafundur farið yfir verkefni dagsins • Koma sviðsmynd og pöllum í rétta stöðu • Æfingar á hreyfingum sviðsmynda á sviði • Æfingar á notkun sviðsbúnaðar • Flytja sviðmynd og annan búnað úr/í geymslu • Greina og finna lausnir á viðfangsefnum við uppsetningu sviðs, sviðsmynda, -búnaðar • Útbúa keyrslulista • Merkja staðsetningar sviðsmyndar á sviði 	<ul style="list-style-type: none"> • Fara yfir öryggisatriði viðburðar / sýningar • Ráðstafanir til að draga út fallhættu • Viðhald á sviðspöllum • Viðhald og skoðun á sviðsbúnaði • Bregðast við neyðarástandi • Tryggja aðgang að flóttaleiðum • Viðhald á sviðsmynd • Þekkja og fara eftir öryggisreglum viðburðarhúss 	<ul style="list-style-type: none"> • Innstilling sviðs miðað við forstillingarlista • Yfirfara festingar • Yfirfara merkingar • Bregðast við óvæntum upptakomum og eða breytingum í keyrslu/uppsetningu • Skiptingar milli atriða í viðburði/sýningu • Stýra hreyfanlegum búnaði og sviðsmyndum • Flytja sviðmynd og annan búnað úr / í baksvið 	<ul style="list-style-type: none"> • Samvinna við aðrar deildir • Miðlun upplýsinga innan og utan deildar • Frágangur og tiltekt eftir æfingar / viðburði / sýningar • Þrif á sviðum • Förgun sviðsmynda og búnaðar • Endurnýting sviðsmynda og búnaðar • Yfirferð birgða • Innheimta verkfæra

Starfið er á þrepi 2, samkvæmt hæfniramma um íslenska menntun, þó einstaka hæfnipættir séu á öðrum þrepum.

Leiðbeiningar fyrir þátttakanda:

Nú er komið að sjálfsmati út frá hæfnikröfum starfsins. Gott er að horfa til fyrri reynslu, færni úr námi, starfi og einkalífi.

Að loknu sjálfsmati fer matsaðili yfir sjálfsmatslistann og síðan fer fram samtál þar sem mat á færni á sér stað.

Niðurstöður samtalsins geta verið að:

1. Öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð og færnin er staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.
2. Ekki öllum hæfniviðmiðum starfsins náð og fer þá fram starfsþjálfun til að uppfylla þau. Að því loknu er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins.



Matsviðmið

Notaðu lýsingarnar hér að neðan til að meta þekkingu þína og færni í hverjum og einum hæfnipætti. Leitaðu til fagaðila ef eitthvað er óskýrt.

1 - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti.

2 - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni.

3 - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.

4 - Mikil þekking og færni og/eða hefur mjög góða fagkunnáttu.

Matslisti – Uppsetning á sviði og sviðsbúnaði					Útfyllist af matsaðila	
Undirbúningur fyrir viðburði / sýningar / æfingar	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– tilgangi merkinga á sviði fyrir æfingar og keyrslu						
– hvenær kalla þarf til samráð við stjórnendur og eða aðrar deildir						
– umfang verkefna hverju sinni						
Ég get:						
– greint þarfir er tengjast uppsetningu sviðsmyndar						
– komið með tillögur að lausnum ef ferli uppsetningar sviðs og sviðsbúnaðar gengur ekki upp						
– stuðlað að því að prófanir fari fram í öruggu umhverfi						
– komið sviðsmynd og -pöllum í rétta stöðu						
– tekið þátt í æfingum á hreyfingum á sviði / sviðsmyndum / búnaði						
– merkt staðsetningar sviðsmyndar á sviði						

Matslisti – Uppsetning á sviði og sviðsbúnaði					Útfyllist af matsaðila	
Öryggi og viðhald	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– mikilvægi þess að halda flóttaleiðum og gönguleiðum opnum						
– öryggi við notkun og uppsetningu upphengi- og / eða flugkerfa						
– öryggi við vinnu í hæð og notkun sviðslyfta						
– fallvörnum þegar aðstæður krefjast						
– verklagi sem styður við öryggi og gæði						
– umfangi og áskorunum sibreytilegs rýmis						
Ég get:						
– fylgt öryggisreglum viðburðarhúss						
– yfirfarið hvort festingar virki og séu öruggar						
– fyrirbyggt að sviðsbúnaður og -munir skapi slyshættu						
– fyrirbyggt að lausamunir falli og skapi hættu við vinnu í hæð						
– látið vita/varað við ef hætta skapast						
– farið yfir öryggisatriði viðburðar / sýningar						
– sinnt viðhaldi á sviðsmynd og sviðsmunum						
– sinnt viðhaldi á sviðspöllum						
– tekið þátt í að rýma viðburðasal						
– stuðlað að því að ekkert hamli flugi eða sigi úr lofti og / eða skapi fallhættu						

Matslisti – Uppsetning á sviði og sviðsbúnaði					Útfyllist af matsaðila	
Uppsetning og keyrsla á viðburðum / sýningum	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– hvernig umgjörð og ásýnd sviðs skal vera						
– að gæði haldist stöðug við endurteknar sýningar / viðburði						
Ég get:						
– sinnt fleiri en einu verkefni í einu þegar aðstæður krefjast þess						

– unnið eftir verkefna-, forstillinga- (e. preset) og frágangslistum						
– unnið hratt og örugglega undir álagi						
– yfirfarið merkingar á sviði						
– fylgt fyrirmælum um breytingar í keyrslu viðburða						
– stýrt hreyfanlegum búnaði						
– skipt út, fært og flutt sviðsmynd og búnað, í og milli atriða, á öruggan og skilvirkan hátt.						
– unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði						
– brugðist hratt og faglega við breytingum og óvæntum uppákomum við keyrslu						
– passað að sviðsbúnaður sé á réttum stað á réttum tíma						

Matslisti – Uppsetning á sviði og sviðsbúnaði					Útfyllist af matsaðila	
Reglubundin verkefni og frágangur í viðburðahúsi	Lítill 1	Nokkur 2	Góð 3	Mikil 4	Lokið	Þarfnast þjálfunar
Ég þekki og hef skilning á:						
– ábyrgð minni gagnvart eigin teymi / deild og heildarstarfsemi viðburðarhúss						
– á menningu vinnustaðarins og vinnubrögðum						
– þróun í sviðs- og viðburðabúnaði						
– gildi símenntunar						
– samvinnu við aðrar deildir						
– notkun verkfæra og tækja og hvenær þörf er á endurnýjun						
– stundvísi og heiðarleika í starfi						
Ég get:						
– sett upp svið, sviðsmynd og búnað á skilvirkan og faglegan hátt						
– gengið frá sviði, sviðsmynd og búnaði á skipulagðan og öruggan hátt						
– tileinkað mér nýtt verklag, lært á búnað og kerfi						
– unnið samkvæmt leiðsögn og fyrirmælum stjórnenda						
– flutt sviðsmynd og annan búnað úr / í geymslu og/ eða í förgun						
– komið með tillögur hvernig endurnýta megi sviðsmynd						
– annast frágang, tiltekt og þrif á sviðum						

– tekist á við krefjandi verkefni og aðstæður						
– tekið virkan þátt í umræðum og komið með ábendingar og / eða tillögur að lausnum						
– notað verkfæri tengd viðfangsefni hverju sinni						
– yfirfarið aðföng er tengjast uppsetningu á sviði og sviðsbúnaði						

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni, að skráðar upplýsingar séu réttar. Ef til vill getur þú fengið einhvern sem þekkir störf þín til að lesa yfir matslistann og veita endurgjöf á mat þitt.

Staður:	Dagsetning:	Undirskrift þátttakanda: